

EFTIRLITSSKÝRSLA

Múlaþing Tjarnarland



Dags eftirlits	19.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Múlaþing	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660220-1350	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hugrún Hjálmarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Kristján Eysteinnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Eitt frávík varðar óheimilaða geymslu dekkjakurls á urðunarstað. Annað frávíkið varðar skráningar innra eftirlits sem og skráningar á úrgangi. Þriðja frávíkið varðar seinum skilum á niðurstöðum skráninga ársins 2022, skiladagur var 1 maí. Var skráningum skilað 21.júní og telst því þriðja frávíkinu lokið.

Þrjár ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings í Tjarnarland í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti 2.500 tonnum af úrgangi á ári, hámark 10 tonnum á sólahring. Má taka við úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Urða má stöðug, óvirk spilliefni sem falla undir viðmið um móttöku sbr. viðauka II í reglugerð nr. 738/2003. Gildisstími starfsleyfisins er til 8. júlí 2031.

Árið 2022 voru urðuð alls 844,71 tonn af úrgangi í Tjarnarlandi. Af þeim úrgangi var 38,8% blandaður heimilisúrgangur frá Fljótaldalshéraði, 40,8% blandaður óskilgreindur úrgangur frá rekstraraðilum í Fljótaldalshéraði. 8,1% óskilgreindur úrgangur frá heimilum á Seyðisfirði og 9,6% kom frá rekstraraðilum á Seyðisfirði. Tæp 2,7% á uppruna frá heimilum í Fljótaldalshreppi. Ekki var nein molta urðuð í Tjarnarlandi, allur lífrænn úrgangur fer til jarðgerðar í Moltu á Akureyri.

Rekstraraðila ber að vakta ákveðna þætti grunnvatns og yfirborðsvatns samkvæmt mælingaáætlun í 5.2 í starfsleyfi. Þann 16. ágúst 2021 sótti rekstraraðili um að dregið yrði úr mælingum á samsetningu yfirborðsvatns í Lagarfljóti, og yrði þá mælt annað hvert ár, miðað út frá að mælingar yrðu gerðar árið 2022. Í skýrslu sem var skilað 26. júní síðastliðinn koma fram mánaðarlegar rennismælingar á yfirborðsvatni, þrjár mælingar á samsetningu yfirborðsvatns sem passar við vöktunaráætlun. Aftur á móti vantar mælingar á samsetningu grunnvatns sem þarf að taka 2x á ári, fyrir 1 maí og 1 október á hverju ári. Sigmælingar og veðurfarsmælingar liggja fyrir.

Tilfni er til athugasemda varðandi niðurstöður vöktunamælinga í frárennslisvatni með auðkennið TJ3 Mæling sýnir fremur lágt sýrustig, pH 5,85. Viðmið á umhverfismörk sem gilda fyrir Lagarfljót eru pH 6-9 sbr. B-lið fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Er það mat eftirlitsaðila að aðhafast ekki að sinni en hafa þessa athugasemd til hliðsjónar við næstu mælingar sem gerðar verði í frárennslisvatni í Lagarfljót.

Verktaki annast urðun á Tjarnarlandi og er urðað eftir þörfum. Er einnig tekið viðmið af veðurfari þegar urðað er. Engar athugasemdir eru gerðar varðandi verklag á urðunarstað og aðkomu svæðis.

Á urðunarstað var búið að koma fyrir sekkjum af dekkjakurli frá íþróttavelli sveitarfélagsins. Óheimilt að geyma úrgang á urðunarstað að moltu undanskilinni. Kurlaðir hjólbarðar teljast sem virkur úrgangur og samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs er óheimilt að urða hjólbarða, hvort sem um er að ræða heila eða kurlaða.

Bendir eftirlitsaðili á að í júlí barst Umhverfisstofnun fyrirspurn um hvaða úrræði væru fyrir hendi er varðar farveg dekkjarkurliúrgangs frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Var þeim leiðbeint um þá farvegi

sem málið gæti farið í til lausnar er varðar þann úrgang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 1.2 í starfsleyfi:	Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Sekkir með dekkjakurli voru tiltæk á urðunarstað við eftirlit. Samkvæmt rekstraraðila, stóð til að urða dekkjakurlin. Óheimilt er að urða dekkjakurlin á urðunarstað Tjarnarlands.
grein 5.1. í starfsleyfi:	Vantar inn mælingar á samsetningu grunnvatns, sem eru mældar 2x á ári, sem er hluti af innra eftirliti rekstraraðila auk skráninga á sjónrænu eftirliti með fitu í yfirborðsvatni sem þarf að gera 2x á ári. Úrgangsskráningar þurfa að vera í samræmi við 11 gr. nr. 738/2003.
grein 5.4 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1. fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003.

ÁBENDINGAR

Ábending er gerð er varðar skil á skýrslu til eftirlitsaðila. Vantar inn merkingar á mælieiningar í viðauka 2 og fyrir hvað þær standa. Einnig þarf að gera betur grein fyrir hvaða sýni tilheyra hvaða mælingastað og hvað sé verið að mæla. Má slíkt bæta m.a. með hnitum eða merkingu á korti/loftmynd hvar mælingar eru gerðar eða að mælingastaðir séu vel skilgreindir m.t.t. hvað sé verið að mæla hverju sinni.

Önnur ábending er gerð vegna skila á úrgangstölum í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili má greina í sundur skráningar á milli urðunarstaða sveitarfélagsins, þ.e.a.s. Tjarnarland og Brandsbali. Skráningar á öllum úrgangi sem berst á urðunarstað þarf að vera í samræmi við 11 gr. reglugerðar nr. 738/2003 og þurfa að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Af gefnu tilefni minnir eftirlitsaðili á skyldur rekstraraðila sbr. 38 og 40 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt III kafla reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg og snýr að frávikum er varðar geymslu dekkjarkurlisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

